

Akbrautir á Keflavíkurflugvelli

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 14. apríl 2020 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá ISAVIA um fyrirhugaðar akbrautir fyrir flugvélar á Keflavíkurflugvelli samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Reykjanesbæjar, Suðurnesjabæjar, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Keflavíkurflugvöllur: Bygging akbrauta fyrir flugvélar, matsskyldufyrirspurn, Isavia. 8. apríl, 2020.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Reykjanesbæ, með tölvupósti dags. 25. maí 2020.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja, með tölvupósti dags. 21. apríl 2020.
- Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 5. maí 2020.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 27. apríl 2020.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 22. og 24. apríl og 8. maí og 10. júní 2020.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fram kemur að Isavia hafi þegar sent tillögu að matsáætlun til Skipulagsstofnunar vegna fyrirhugaðra framkvæmda við flugvöllinn á næstu árum og þar sé m.a. fjallað um fyrirhugaðar akbrautir. Þar sem nauðsynlegt er að ráðast í þær framkvæmdir áður en gera má ráð fyrir að álit Skipulagsstofnunar á matsskýrslu liggi fyrir, vill Isavia óska eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um hvort að bygging akbrautanna sé matsskyld framkvæmd ein sér.

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að fyrirhugað sé að byggja tvær nýjar akbrautir fyrir flugvélar (e. taxiways). Annars vegar er um að ræða 1100 m langa akbraut sem verður samsíða flugbraut 11/29 og Nóvember akbraut. Flugvélar sem bíða eftir flugtaki á akbraut Nóvember geta auðveldlega myndað flöskuháls fyrir umferð inn á flughlað austan flugstöðva. Hins vegar er gert ráð fyrir byggingu 1500 m langrar akbrautar sem verður samsíða flugbraut 01/19 og Echo akbraut. Fram kemur að tafir geti orðið á akbraut Echo ef flugvél aki af flugbraut um flýtirein A-1, vegna krossflæðis við flugvél á leið í flugtak. Þetta vandamál myndi leysast með byggingu akbrautar, samsíða akbraut Echo, sem næði norður fyrir flýtirein A-1. Einnig stendur til að lengja Nóvember akbraut til vesturs um 700 m til að bæta aðgengi að geymslusvæðum og flugbraut 11. Malbikuð breidd akbrauta verður 23 m og axlir 9 m breiðar hvoru megin. Megin markmið með gerð nýrra akbrauta er að stytta þær vegalengdir sem flugvélar þurfa að aka milli flugbrauta og hliða og draga þannig úr útblæstri frá flugvélum á jörðu niðri. Einnig er tilgangurinn að búa til fleiri hjáleirir í flugbrautarkerfinu sem eru mikilvægar komi til óhapps á flugvellinum auk þess auðvelda þær reglubundið viðhald sem er umtalsvert á akbrautakerfi flugvallarins. Ekki er um að ræða



framkvæmdir sem einar sér auka afkastagetu flugvallarins. Ráðandi þættir í að auka afkastagetu, umfram það sem nú er, væri fjölgun hliða við flugstöð (stækkun flugstöðvar) og bygging þriðju flugbrautar.

4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila og umsögnum umsagnaraðila.

Fram kemur að framkvæmdir vegna akbrauta séu innan flugvallarsvæðis og á þegar röskuðu svæði og koma ekki til með að hafa áhrif á landnotkun innan flugvallarsvæðis.

Þar sem hljóðstigslínur flugumferðar munu ekki breytast með tilkomu nýrra akbrauta verður ekki breytingar á takmörkun á byggð í nágrenni flugvallarins frá því sem nú er. Akbrautirnar koma því ekki til með að hafa áhrif á landnotkun utan flugvallarsvæðis. Möguleg áhrif á hljóðvist og útblástur eru ekki talin veruleg, þar sem ekki er talið líka að framkvæmdin hafi í för með sér aukna starfsemi ein og sér.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja bendir á að fara þarf eftir viðbragðsáætlun ef vart verður við mengaðan jarðveg við uppmokstur og að gera þurfi grein fyrir losun jarðvegs vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að gert sé ráð fyrir að um 100.000 m³ falli til á meðan á framkvæmdum stendur og verður efnið geymt innan flugvallarsvæðis, meðal annars á landmótunarsvæði, þar til það verður nýtt til mannvirkjagerðar, s.s. í vegi, plön eða landmótun. Verði vart við mengun í jarðvegi verður unnið samkvæmt viðbragðsáætlun um mengaðan jarðveg, sem send hefur verið á Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar telur að gerð akbrauta sé liður í því að auka afköst flugvallarins, framkvæmdin ein og sér er e.t.v. ekki afkastaaukandi en þó einn hluti margra framkvæmda sem samanlagt auka afköst flugvallarins og þeirrar þjónustu sem á flugvellingnum er. Skipulagsnefndin leggur til að áhersla verði lögð á við framkvæmdina að jarðvegsefni sem upp koma við framkvæmdina verði sem mest notuð næst þeim stað þar sem þau eru tekin upp og að lögð verði áhersla á að ganga fljótt frá opnum sárum í landi með sáningu.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru í samræmi við Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2013-2030 og háðar framkvæmdaleyfi skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar skv. skipulagslögum.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða gerð svokallaðra akbrauta fyrir flugvélar á Keflavíkurflugvelli. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, mengun, ónæði og slyshættu, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Ekki er um umfangsmiklar framkvæmdir að ræða og þær munu ekki breyta hljóðstigslínum flugumferðar og ekki setja takmarkanir á landnotkun utan flugvallarsvæðisins. Því er ekki líklegt að þær hafi í för með sér aukinn hávaða þar sem einar sér munu þær ekki hafa í för með sér aukna starfsemi innan flugvallarins. Skipulagsstofnun tekur þó undir umsögn Skipulagsnefndar



Keflavíkurlugvallar um að þær séu hluti margra framkvæmda sem samanlagt eiga að auka talsvert afkastagetu flugvallarins með ýmsum breytingum á flugbrautarkerfinu, auk uppbyggingar við flugbrautirnar til að styðja við og anna hámarksafköstum þeirra, svo sem stækkun flugstöðvarbyggingar, stækkun eldsneytiskerfis og fjölgun og tilfærsla bílastæða. Þessar umfangsmiklu heildarframkvæmdir á Keflavíkurlugvelli verður lagt mat á og fjallað um í frummatsskýrslu sem er í vinnslu á vegum Isavia.

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, vegna fornleifa eða alþjóðlegra viðmiða sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Fyrir liggur að framkvæmdir verða á þegar röskuðum svæðum innan flugvallarins. Við framkvæmdir við uppgröft mun falla til nokkuð magn efnis sem nota á við landmótun og mannvirkjagerð sem næst uppgrafsverndunum og lögð verður áhersla á frágang þeirra svæða sem fyrst.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa einkum með tilliti til: umfangs og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Með hliðsjón af umfangi framkvæmda og eðli og í ljósi staðsetningar á röskuðum svæðum innan flugvallar telur Skipulagsstofnun ekki líklegt að veruleg neikvæð áhrif verði af fyrirhuguðum framkvæmdum, þar sem ekki er gert ráð fyrir að þær komi til með að hafa í för með sér afkastaaukningu eða aukið umfang starfsemi einar sér sem myndu hafa áhrif utan flugvallarsvæðis vegna aukins hávaða og aukinnar loftmengunar.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 27. júlí 2020.

Reykjavík, 22. júní 2020.

Egill Þórarinnsson

Jakob Gunnarsson